

Garðabær
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabær



Skipulagsstofnun

Bæjarskrifstofur Garðabæjar

Mótt.dags: 30.07.2019

Málalykill

Mál nr.

Reykjavík, 25. júlí 2019
Tilvísun: 201906049 / 5.1


Efni: Tenging Hnoðraholtstrautar við Hnoðraholt við Arnarnesveg - beiðni um umsögn

Efla verkfræðistofa f.h. Garðabæjar hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttækin 22. júlí 2019, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Garðabær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Garðabær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 14. ágúst 2019 og einnig á tölvupóstföngin jonsmari@skipulag.is og jakob@skipulag.is


Jón Smári Jónsson